

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
maí 2022



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanesbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@tonrnb.is

vefslóð: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is

Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá 9-17 og föstudaga frá 9-16

Endurnýjun umsókna fyrir skólaárið 2022-2023

Föstudagurinn 20. maí n.k. er lokadagur fyrir núverandi nemendur til að endurnýja umsóknir sínar fyrir næsta skólaár. Eftir þann dag förum við að vinna úr biðlistaumsóknum. Við biðjum því nemendur/forráðamenn um að virða þessa dagsetningu svo skólavist verði trygg. Sótt skal um áframhaldandi nám á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum „**Endurnýjun og nýjar umsóknir**“.

Nýjar umsóknir fyrir næsta skólaár

Sótt skal um á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum „**Endurnýjun og nýjar umsóknir**“

Það er alltaf opið fyrir nýjar umsóknir, en ef nemandi vill eiga möguleika á því að komast að næsta skólaár, er mjög æskilegt að sótt sé um eigi síðar en 1. júní n.k. Eftir þann dag verður unnið úr nýjum umsóknum. Þeir sem fá skólavist fá tilkynningu í tölvupósti. Aðrar umsóknir fara á biðlista. Ekki verður haft samband við þá umsækjendur sem fara á biðlista, en skrifstofan veitir upplýsingar í síma 420-1400 til föstudagsins 10. júní.

Vortónleikar – Ekki streymi

Framundan eru fjölmargir vortónleikar eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Að þessu sinni verður tónleikunum ekki streymt. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda/forráðamanna hvenær tónleikar verða, en yfirlit yfir vortónleika skólans er hér í Tónvísi og á tonlistarskoli.reykjanesbaer.is. Einnig veitir skrifstofan upplýsingar. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Bjöllukórinn

Eldri Bjöllukórinn fer til Nashville í Tennessee í Bandaríkjunum 29. júlí n.k. Þar mun kórinn taka þátt í stóru alþjóðlegu bjöllukóramóti. Bjöllukórinn hefur áður tekið þátt í slíkum mótum erlendis, m.a. í Massachusetts í Bandaríkjunum. Við óskum Bjöllukórnum góðrar ferðar til Nashville og vonum að allt gangi að óskum í þessu stóra og spennandi verkefni.

Lúðrasveit í heimsókn

B-Lúðrasveit Skólahljómsveitar Kópavogs mun heimsækja B-Lúðrasveitina okkar laugardaginn 14. maí n.k. Sveitirnar munu eiga góðan dag saman hér í Tónlistarskólanum við æfingar og aðra gleði og eflaust mun myndast góður kunningsskapur milli hljómsveitanna sem svo endurnýjast væntanlega á næsta Landsmóti Skólalúðrasveita.

Framhaldsprófstónleikar 23. maí kl.19:30

Alexander Fryderyk Grybos, nemandi í klassískum gítarleik, heldur framhaldsprófstónleika sína mánudaginn 23. maí. Tónleikarnir eru síðari hluti framhaldsprófs hans.

Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er þriðjudagurinn 24. maí.

Skólaslit verða í Stapa þriðjudaginn 31. maí kl. 18.00.

Skólaslitunum verður ekki streymt.

Áfangaprófsskírteini verða afhent sem og vitnisburðarblöð vetrarins. Fulltrúi Íslandsbanka mun tilkynna nýjan handhafa Hvatningarverðlauna bankans fyrir næsta skólaár og að venju verður áhugaverður tónlistarflutningur. Allir hjartanlega velkomnir.



**Vortónleikar o.fl.
í maí 2022**
Allir tónleikar í Bergi
nema annað sé tekið fram



10. maí	þri.	kl. 16:45 kl. 17:30 kl. 17:45 kl. 18:30	Vortónleikar nemenda Þorvaldar H. Vortónleikar nemenda Jónínu Vortónleikar samspila Rytmískrar deildar - Stofa 102 Vortónleikar nemenda Sigurgeirs Skafta
11. maí	mið.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar einsöngsnem. klassískrar Söngdeildar - Stapi Vortónleikar nemenda Alberts - Stapi Vortónleikar nemenda Aleksöndru - Stapi
12. maí	fim.	kl. 16:30 kl. 17:30 kl. 18:30 kl. 19:30	Vortónleikar nemenda Birgis Vortónleikar nemenda Germans Vortónleikar nemenda Þórunnar Vortónleikar nemenda Ólafar
13. maí	fös.	kl. 17:00	Vortónleikar nemenda Auðar
16. maí	mán.	kl. 17:30 kl. 18:00	Vortónleikar nemenda Jelenu Vortónleikar nemenda Arnars
17. maí	þri.	kl. 16:15 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nemenda Peters, Karenar og Renötu Vortónleikar Strengjasveitanna Vortónleikar nemenda Kristins og Arons Vortónleikar Gítarsveita Arnars og Þorvaldar Más
18. maí	mið.	kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónl. Suzuki blokkfl.nem.ínu Dóru og Sigrúnar Gróu Vortónleikar Lúðrasveitanna - Stapi Vortónleikar nemenda Steinars Vortónleikar nemenda Sigrúnar Gróu
19. maí	fim.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar hópa klassískrar Söngdeildar Vortónleikar nemenda Ragnheiðar og Þórörnu Vortónleikar nemenda Ragnheiðar og Þórörnu Vortónleikar nemenda Birtu og Bjarma
20. maí	fös.	kl. 16:10 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nemenda Guðríðar Vortónleikar nemenda Geirþrúðar Vortónleikar nemenda Þorvaldar Más Vortónleikar nemenda Mariiu og Karenar Þrástef – Fyrstu tónleikar í tónleikaröð kennara TR
23. maí	mán.	kl. 16:30 kl. 17:30 kl. 19:30	Vortónleikar nemenda Unnar Vortónleikar nemenda Kristjáns - Stapi Framhaldsprófstónleikar Alexanders F. Grybos
24. maí	þri.		Síðasti kennsludagur
	Óvíst. Nánar síðar		Vortónleikar Bjöllumkórs TR
31. maí	þri.	kl. 18:00	Skólaslit í Stapa